

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. maí 2019
2019010031

Efni: Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.) - 783. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.), 783. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 12. apríl 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.), 783. mál. . Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið og biðst velvirðingar því að það hafi tafist að senda nefndinni umsögnina.

Meðal þess sem frumvarpið kveður á um er breyting á 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, með síðari breytingum, nánar til tekið í 39. gr. frumvarpsins. Með lögum nr. 49/2016 var lögum um meðferð einkamála breytt með þeim hætti að eingöngu var heimilt að skipa einn sérfróðan meðdómanda við meðferð einkamála fyrir héraðsdómi. Áfram var kveðið á um það í 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga að heimilt væri að skipa tvo sérfróða meðdómendur þegar barnaverndarnefnd gerði kröfu um forsjársviptingu fyrir dómi.

Með setningu laga nr. 49/2016 skapaðist þannig réttaróvissa hvað varðar fjölda sérfróðra meðdómenda í forsjársviptingarmálum og hafði sú óvissa áhrif á þau forsjársviptingarmál sem rekin hafa verið fyrir dómstólum frá gildistöku þeirra laga 1. janúar 2018. Fagnar Barnaverndarstofa því að þeirri óvissu sé eytt með frumvarpi þessu.

Með 39. gr. frumvarps þess sem nú er til meðferðar á Alþingi er 1. mgr. 54. gr. breytt með þeim hætti að tekinn er af allur vafi um að heimilt verði að skipa tvo sérfróða meðdómendur við meðferð forsjársviptingarmála fyrir dómi. Ljóst er að svipting forsjár að kröfu barnaverndarnefndar eru sérhæfð og flókin mál sem krefjast mikillar sérfræðipækkingar á málefnum barna. Telur Barnaverndarstofa því til bóta að á ný verði heimilt að skipta tvo sérfróða meðdómendur við meðferð slíkra dómamála fyrir dómi. Hvetur Barnaverndarstofa Alþingi til að samþykkja frumvarpið óbreytt hvað þetta varðar.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu